



Borgarráð

Efni: Framhaldsfyrirspurn um álagningu fasteignaskatta

Á fundi borgarráðs þann 21. febrúar 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn varðandi álagningu fasteignaskatta:

Hvers vegna notfærir Reykjavíkurborg sér heimildarákvæði til hámarks álagningar vegna fasteignagjalda sem getið er í c-lið 3. gr. laga nr. 30/1995?

Svar við fyrirspurninni:

Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði fer samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og álag á fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði samkvæmt 4. mgr. 3. gr. sömu laga. Þessi skattur er ekki tengdur við tiltekna þjónustu og telst ekki gjaldtaka sveitarfélags fyrir tiltekna þjónustu. Þvert á móti er um að ræða lögmætan skatt, sem tekur mið af gildandi fasteignamati eins og það er á hverjum tíma og er hluti af lögbundnum tekjustofni hvers sveitarfélags.

Hámarkshlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði er 1,32% m.v. fasteignamat hvernar eignar og síðan er heimilt að leggja allt að 25% álag. Sveitarstjórn er hvorki heimilt að beita mismunandi hlutfalli fasteignaskatta á þær eignir sem tilheyra c-lið 3. gr. laga nr. 30/1995 né mismunandi álagi.

Fasteignaskattar skipta miklu máli í fjármögnun borgarsjóðs. Þeir koma næst á eftir útsvarstekjum borgarsjóðs sem einn mikilvægasti tekjustofninn og tekjuskattur af atvinnuhúsnæði nemur um þriðjungi tekna borgarsjóðs af fasteignagjöldum. Þannig er t.d. áætlað að nettó útsvarstekjur borgarsjóðs á árinu 2019 muni nema 79.052 mkr og fasteignagjöld 21.916 mkr, þ.a. fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði 14.194 mkr. Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði leysti á sínu tíma af hólmi svokallað *aðstöðugjald* sem var veltutengdur skattur á atvinnufyrirtækin. Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði er í raun eini beini skattstofn sveitarfélagsins af atvinnustarfseminni í borginni og hlutfall hans í heildarfjármögnun á rekstri borgarsjóðs er innan við 10%.

Fjármögnun borgarsjóðs er háð lagaheimildum og er eðli máls samkvæmt fyrst og fremst pólitísk ákvörðun. Fyrir liggur að borgarstjórn samþykkti á fundi sínum 4. desember 2018 þá stefnumarkandi tillögu að draga úr beitingu álags á fasteignaskatta atvinnufyrirtækja í áföngum á kjörtímabilinu þannig að fasteignaskattur ásamt álagi fari úr 1,64% í 1,6% til að að létta álögur á reykvísk fyrirtæki sem mun draga úr þátttöku atvinnulífsins í fjármögnun reksturs borgarsjóðs að öllu öðru óbreyttu.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri